

Mál nr. 72/2011**M****og**

**Vátryggingafélagið X v/fjölskyldutryggingar,
þjófnaðar muna úr viðbyggingu við sumarhús**

**Þjófnaður á árinu 2010,
ágreiningur um hvort um undanskilda áhættu sé að ræða.**

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 23.02. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 10.03. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Samkvæmt skýrslu lögreglu í júní 2010 var ýmsum munum tolið úr húsakynnum M í Borgarbyggð. Þjófnaðurinn mun hafa átt sér stað á tímabilinu 25.01. – 11.04. 2010. M heldur því fram að farið hafi verið inn um læsta viðbyggingu við sumarhús hans.

Vátryggingfélagið hafnar greiðsluskyldu. Vátryggingin taki ekki til muna sem eru utan lögheimilis M nema að viðkomandi munir séu þar um stundarsakir og tilheyri almennu innbúi sbr. umfjöllun félagsins í gögnum málsins.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Fyrirliggjandi upptalning á munum styður þá afstöðu vátryggingafélagsins að um muni hafi verið að ræða sem tilheyri ekki almennu heimilishaldi. Ósannað er og að umræddir munir hafi um stundarsakir verið utan heimilis vátryggðs.

Um undanskilda áhættu er að ræða.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 21. mars 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.